# Ultracolor Plus



**Hraðþornandi hágæða fúga bætt með fjölliðu með gróðurvörn, án Portland sements, fyrir fúgur allt að 20 mm, vatnsvörn með DropEffect® og mygluvörn með BioBlock® tækni**

**FLOKKUN SAMKVÆMT EN 13888**
**Ultracolor Plus** er múrblanda á sementsgrunni (C) fyrir fúgu, (G) endurbætt (2), hrindir enn betur frá sér vatni (W) og hefur mikla mótstöðu gegn svörfun (A), flokkur CG2WA.

**NOTKUNARSVIÐ**
Fúgun inni og úti á gólfi og veggjum á öllum gerðum keramikflísa (ein- og tvíbrenndra, postulínsflísa ofl.), terracotta, steinflísum (náttúrusteini, marmara, granít, steypuefni), og mósaík úr gleri og marmara.

**Nokkur dæmi um notkun**

- Fúgun á gólfum og veggjum á svæðum þar sem umferð er mikil (flugvöllum, verslanamiðstöðvum, veitingahúsum, barir, ofl.).
- Fúgun á gólfum og veggjum á íbúðasvæðum (hótelum, einkaheimilum, ofl.).
- Fúgun á gólfum og veggjum á framhliðum, svölum, pöllum og sundlaugum.

**TÆKNILEGIR EIGINLEIKAR**
**Ultracolor Plus** er fúga sem er úr blöndu sérstakra bindiefna, möluðum sandi, sérstökum fjölliðum, vatns-fælniefnum, lífrænum sameindum og litarefnum. Samsetningin af Ultracolor Plus inniheldur ekkert Portland sementi, sem gerir það að öruggri vöru fyrir notendur.
Með **Ultracolor Plus**, byggist **Ultracolor**-tæknin á sérstöku vökvabindiefni sem tryggir fullkomna einsleitni lita, sem er enn frekar aukin með tveimur þáttum nýrrar tækni sem er árangur rannsókna hjá MAPEI: BioBlock® og DropEffect®.

BioBlock® tæknin byggist á sérstökum lífrænum sameindum sem er dreift jafnt í öreindauppbyggingu fúgunnar, til að hindra uppsprettu örverugróðurs sem myndar myglu. DropEffect® tæknin, vinnur gegn drægivatns. Þegar **Ultracolor Plus** er blandað í hlutföllum sem mælt er með og rétt sett á, þá myndar efnið fúgu með eftirfarandi eiginleika:

- vatnsfælni og inntöku vatns;
- ueinsleitni í lit og án blettamyndunar því **Ultracolor Plus** myndar ekki gróður. Með greiningu sem framkvæmd er með smásjá, má sjá að miðað við bindiefni úr Portland sementi í venjulegri fúgu, þá sjá sérstök efni í **Ultracolor Plus** til þess að mynda ekki kristalla úr kalsíum hýdroxíði, sem stuðla að gróðurmyndun í vökvaferli;
- viðnám lita gagnvart útfjólubláum geislum og efnum úr andrúmsloftinu;
- stuttur biðtími fyrir hreinsun og auðvelt í frágangi;
- tilbúið fyrir létta gangandi umferð og til notkunar innan skamms tíma;
- slétt og þétt yfirborð, með litla vatnsdrægn sem auðveldar hreinsun;
- með vörn gegn rýrnun, og því án sprungumyndunar;
- mikil mótstaða gagnvart svörfun, með þrýstinga og sveigjuþol, jafnvel eftir ferla frosts og þíðu, og því mikil ending;



*Dreift úr Ultracolor Plus á postulínsflísar með viðaráferð með gúmmíspaða*



*Hreinsun á samskeytum með Scotch-Brite® (þegar efnið hefur að hluta harðnað)*



*Hreinsun og frágangur á samskeytum með hörðum plastsvampi*

- góð mótstaða gagnvart sýru með pH > 3.

**RÁÐLEGGINGAR**

- **Ultracolor Plus** inniheldur ekki Portland sement og má ekki blanda með gipsi eða vökvabindiefnum; bætið aldrei vatni við blönduna eftir að hún er byrjuð að harðna.

- Blandið aldrei saltvatni eða óhreinu vatni í **Ultracolor Plus**.

- UNotið efnið á hitastigi á bilinu +5 °C - +35 °C.

- Framkvæmið fúgun aðeins á yfirborði sem er nægilega þurrt, eða hefur verið rakavarið, til að komast hjá að hvítleit himna myndist á yfirborðið.

- Til að komast hjá ójöfnum lit á fúgu þá er ekki mælt með að dreifa **Ultracolor Plus** í duftformi á fylltar fúgur.

- Þar sem þörf er á viðnámi gagnvart sýru, eða þar sem sérstaks hreinlætis er þörf eða umhverfi þarf að vera sótthreinsað, notið þá heppilega epoxýfúgu með sýruvörn.

- Þenslusamskeyti eða samskeyti sem hreyfast á veggjum eða gólfi má aldrei fylla með **Ultracolor Plus**. Notið heppilegt sveigjanlegt þéttiefni úr MAPEI línunni.

- TYfirborð ákveðinna flísa og náttúrusteins getur verið með örfínum götum eða með gróft yfirborð. Við mælum með að gera próf fyrirfram til að athuga hversu létt er að hreinsa yfirborðið þar sem þörf er á, til að ákvarða hvort þörf sé á verndunarmeðferð a yfirborðinu, til að tryggja að fúgan gangi ekki inn í yfirborð flísanna.

- Ef hreinsiefni með sýru er notað til að hreinsa samskeytin, mælum við með að framkvæma próf fyrirfram til að athuga litheldni fúgunnar. Gangið úr skugga um að samskeytin séu vel hreinsuð til að komast hjá að skilja eftir leifar af sýru í samskeytunum.

**NOTKUNARREGLUR**

**Undirbúningur samskeyta**

Það má fúga þegar límið hefur harðnað að fullu, Gangið úr skugga um að fylgt hafi verið biðtíma sem gefinn var upp á tækniblaði. Samskeytin verða að vera hrein, án ryks og tóm sem nemur hið minnsta 2/3 af þykkt flísanna. Hreinsa verður lím eða múr sem hefur lekið inn í samskeytin við lögn flísanna strax á meðan það er ferskt. Ef flísar eru mjög rakadrægar, hitastig er hátt eða vindur, bleytið þá samskeytin aðeins með hreinu vatni.

**Blandan undirbúin**

Hellið **Ultracolor Plus** samhliða því að hræra í ryðfrítt ílát sem er með 22-26% af hreinu vatni miðað við þyngd.
Hrærið blönduna með hrærivél eða borvél á hægum hraða til að komast hjá loftbólum, þar til að hræran er mjúkur grautur.
Látið blönduna standa í 2-3 mínútur, og hrærið stuttlega í fyrir notkun.
Notið blönduna innan 20-25 mínútna.

**Fúgan borin á**

Fyllið samskeytin með **Ultracolor Plus** blöndunni með því að nota sérstakan MAPEI fúguspaða eða með gúmmísköfu, án þess að skilja eftir göt eða mishæðir. Fjarlægið umframmagn af **Ultracolor Plus** af yfirborðinu, með því að draga sköfuna skáhalt yfir samskeytin á meðan fúgublandan er enn fersk.

**Lokaáferð**

Þegar blandan byrjar að stífna og verður ógegnsæ, sem venjulega á sér stað eftir 15-30 mínútur, hreinsið umframmagn af **Ultracolor Plus** með hörðum, rökum svampi (t.d. MAPEI svampi), og dragið svampinn skáhallt yfir samskeytin. Hreinsið svampinn oft, og notið tvö mismunandi ílát: Eitt til að hreinsa yfirborðsefnin úr svampinum, og annað með hreinu vatni til að hreinsa svampinn. Þetta má einnig framkvæma með vel með svampbelti eða snúningsdiski. Þegar blandan hefur harðnað að hluta, eftir 50-60 mínútur, notið þá rakan Scotch-Brite® svamp eða grófan snúningsdisk með filti til að jafna yfirborðið.
Ef hreinsunin er framkvæmd of fljótt (blandan er of blaut), gæti hluti blöndunnar hreinsast úr samskeytunum.
Ef fúgun er framkvæmd í mjög heitu og þurru veðri eða í vindi, þá mælum við með að bleyta samskeytin sem á að fylla með **Ultracolor Plus**, og að þau sé séu bleytt á ný eftir nokkrar klst.
Hörðnun á **Ultracolor Plus** í raka eykur eiginleika fúgunnar í öllum tilfellum.
Lokahreinsunin á duftkenndri húð af **Ultracolor Plus** af yfirborðinu er hægt að framkvæma með hreinum og þurrum klút..
Eftir lokaþrif, ef yfirborðið hefur enn merki um sementsleifar, má hreinsa það niður með súru hreinsiefni (t.d. **UltraCare Keranet**), eftir að fúgan hefur fullkomlega harðnað.
Ef þörf er á að fjarlægja leifar af fúgu við lögn, notaðu vöru eins og **UltraCare Keranet Easy** sprey, sem hentar til að fjarlægja umfram fúgu af yfirborði meðan á lögn stendur.
Fyrir rétta notkun á **UltraCare** vörum vinsamlegast skoðaðu viðeigandi tækniblöð.

**ÞOLIR LÉTTA GANGANDI UMFERÐ**

Gólf þola létta gangandi umferð eftir um það bil 3 klst.

**READY FOR USE**

Yfirborð sem er fúgað með **Ultracolor Plus** má taka í notkun eftir 24 klst.Hægt er að fylla potta og sundlaugar 48 klst eftir fúgun.

**Hreinsun**

Verkfæri og ílát ætti að hreinsa með nægu hreinu vatni á meðan **Ultracolor Plus** er ennþá ferskt.

**ÞEKJA/NÝTING**

Notkun á **Ultracolor Plus** er mismunandi eftir stærð samskeyta og stærð og þykkt flísanna. Taflan sýnir nokkur dæmi um notkun í $kg/m^2$.

**PAKKNING**

20 kg pokar, og 4x5 kg kassar, sem fer eftir lit.

**FÁANLEGIR LITIR**

**Ultracolor Plus** er fáanlegt í 40 litum í MAPEI

## TÆKNILÝSING (dæmigerð gildi)

| | |
|---|---|
| **Er í samræmi við staðla:** | **– Evrópskan EN 13888 svo sem CG2WA**<br>**– ISO 13007-3 svo sem CG2WAF** |
| **EINKENNI VÖRU** | |
| **Þéttleiki:** | fínt duft |
| **Litur:** | 40 litir í MAPEI línunni |
| **Magnþéttleiki ($kg/m^3$):** | 1,400 |
| **Þurrefnisinnihald (%):** | 100 |
| **EMICODE:** | EC1 Plus - mjög lítil losun rokgjarna útgeislun |
| **UPPLÝSINGAR VARÐANDI NOTKUN (við +23 °C - 50% hlutf.raka)** | |
| **Hlutfall blöndu:** | 100 hlutar **Ultracolor Plus** með 22-26% hlutum vatns, fer eftir lit |
| **Þéttleiki blöndu:** | fljótandi klístur |
| **Eðlisþyngd lögunar ($kg/m^3$):** | 1,980 |
| **pH gildi blöndux:** | um það bil 11 |
| **Vinnslutími blöndu:** | 20-25 mínútur |
| **Hitasvið við notkun:** | frá +5 °C till +35 °C |
| **Fúgun eftir lögn:**<br>**– á veggi límt með venjulegu límí:**<br>**– á veggi límt með hraðþornandi límí:**<br>**– á veggi með múr:**<br>**– á gólf límt með venjulegu límí:**<br>**– á gólf límt með hraðþornandi límí:**<br>**– á gólf með múr:** | <br>4-8 klst.<br>1-2 klst.<br>2-3 dagar<br>24 klst.<br>3-4 klst.<br>7-10 dagar |
| **Biðtími fyrir frágang:** | 15-30 mínútur |
| **Þolir létta gangandi umferð:** | um það bil 3 klst |
| **Tilbúið til notkunar:** | 24 klst (48 klst fyrir potta og sundlaugar) |
| **ENDANLEG FRAMMISTAÐA** | |
| **Sveigjustyrkur eftir 28 daga ($N/mm^2$) (EN 12808-3):** | 9 |
| **Þrýstiþolsstyrkur eftir 28 dagar ($N/mm^2$) (EN 12808-3):** | 35 |
| **Þrýstiþolsstyrkur eftir frost/þíðu ferla ($N/mm^2$) (EN 12808-3):** | 9 |
| **Þrýstiþolsstyrkur eftir frost/þíðu ferla ($N/mm^2$) (EN 12808-3):** | 35 |
| **Mótstaða gagnvart svörfun (EN 12808-2):** | 700 (sem tap í $mm^3$) |
| **Rýrnun (mm/m) (EN 12808-4):** | 1,5 |
| **Vatnsísog (g) (EN 12808-5) eftir 30':** | 0,1 |
| **Vatnsísog (g) (EN 12808-5) eftir 4 klst:** | 0,2 |
| **Viðnám gagnvart leysiefnum og olíu:** | framúrskarandi |
| **Viðnám gagnvart alkalí:** | framúrskarandi |
| **Viðnám gagnvart sýrum:** | gott viðnám gagnvart sýrum með pH > 3 |



*Dreift úr Ultracolor Plus á postulínsgólfflísar með marmaraáferð með gúmmíspaða*



*Hreinsun og frágangur á samskeytum með hörðum plastsvampi*



*Gólfefni fúgað með Ultracolor Plus*




***Vötnun á bindiefni byggt á Portland sementi í hefðbundnu fúguefni***




***Hydration of UltracolorVötnun á Ultracolor Plus með sérstöku bindiefni á sementsgrunni. Takið eftir því að það vantar plötukristallanna í Portlandite (kalsíum hýdroxíð), sem veldur hvítum útfellingum***

línunni (vinsamlegast sjá litasýnishornin).

## GEYMSLA

**Ultracolor Plus** má geyma í 12 mánuði (á við um 20 kg poka) og í 24 mánuði (á við um 5 kg poka) í upprunalegum umbúðum á þurrum stað.
Eftir geymslu um nokkurn tíma getur hörðnunartími lengst, þó án þess að það hafi nein áhrif á endanlega eiginleika efnisins.

## ÖRYGGISLEIÐBEININGAR VARÐANDI UNDIRBÚNING OG NOTKUN

Leiðbeiningar um örugga notkun á vörum okkar er að finna á nýjustu útgáfu af öryggisblaði sem er í boði á heimasíðu okkar www.mapei.no okkar.

VARA ÆTLUÐ TIL NOTKUNAR AF FAGMÖNNUM.

## VIÐVÖRUN

*Jafnvel þótt tæknilegar upplýsingar og ráðleggingar í gagnablaði þessu með vörunni séu í samræmi við okkar bestu þekkingu og reynslu, ber að taka öllum ofangreindum upplýsingum sem leiðbeinandi eingöngu og á grundvelli hagnýtrar notkunar til langs tíma litið. Þar af leiðandi þarf hver sá sem hyggst nota vöruna að tryggja sér fyrir fram að hún henti til áætlaðrar notkunar. Notandinn er einn og öllum tilvikum að fullu ábyrgur fyrir öllum afleiðingum þess að varan sé notuð.*

**Kynntu þér vinsamlegast gildandi útgáfu af tæknigagnablaðinu sem finna má á vefsetri okkar www.mapei.no**

## TILKYNNING UM LAGALEG ATRIÐI

***Innihald þessa tækniblaðs(„TDS“) má afrita í annað skjal tengt verkefni, en það skjal skal ekki vera viðbót eða koma í staðinn fyrir tækniblaðið sem er í gildi á þeim tíma sem vara Mapei er notuð. Til að nálgast nýjustu tækniblöð og upplýsingar varðandi ábyrgð, vinsamlegast heimsækið heimasíðu okkar á www.mapei.no***
***ALLAR BREYTINGAR Á ORÐALAGI EÐA KRÖFUM SEM FELAST Í EÐA ÚR ÞESSU ÖRYGGISBLAÐI MUNU ÓGILDA ALLA TENGDA ÁBYRGÐ MAPEI.***

## NOTKUNARTAFLA SAMKVÆMT STÆRÐ FLÍSA OG BREIDD SAMSKEYTA (kg/m²)

| Stærð flísa (mm) | Breidd samskeyta (mm) | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | 3 | 5 | 8 | 10 |
| 75x150x6 | 0,4 | 0,6 | 1,0 | 1,5 | 1,9 |
| 100x100x7 | 0,4 | 0,7 | 1,1 | 1,8 | 2,2 |
| 100x100x9 | 0,6 | 0,9 | 1,4 | 2,3 | 2,9 |
| 150x150x6 | 0,3 | 0,4 | 0,6 | 1,0 | 1,3 |
| 200x200x7 | 0,2 | 0,3 | 0,6 | 0,9 | 1,1 |
| 200x200x9 | 0,3 | 0,4 | 0,7 | 1,2 | 1,4 |
| 300x300x10 | 0,2 | 0,3 | 0,5 | 0,9 | 1,1 |
| 300x300x20 | 0,4 | 0,6 | 1,1 | 1,7 | 2,1 |
| 300x600x10 | 0,2 | 0,2 | 0,4 | 0,6 | 0,8 |
| 400x400x10 | 0,2 | 0,2 | 0,4 | 0,6 | 0,8 |
| 500x500x10 | 0,1 | 0,2 | 0,3 | 0,5 | 0,6 |
| 600x600x10 | 0,1 | 0,2 | 0,3 | 0,4 | 0,5 |
| 750x750x10 | 0,1 | 0,1 | 0,2 | 0,3 | 0,4 |
| 100x600x9 | 0,3 | 0,5 | 0,8 | 1,3 | 1,7 |
| 150x600x9 | 0,2 | 0,4 | 0,6 | 1,0 | 1,2 |
| 150x900x9 | 0,2 | 0,3 | 0,6 | 0,9 | 1,1 |
| 150x1200x10 | 0,2 | 0,4 | 0,6 | 1,0 | 1,2 |
| 225x450x9 | 0,2 | 0,3 | 0,5 | 0,8 | 1,0 |
| 225x900x9 | 0,2 | 0,2 | 0,4 | 0,6 | 0,8 |
| 250x900x9 | 0,1 | 0,2 | 0,4 | 0,6 | 0,7 |
| 250x1200x10 | 0,2 | 0,2 | 0,4 | 0,6 | 0,8 |
| 600x600x5 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,2 | 0,3 |
| 600x600x3 | | | 0,1 | 0,1 | 0,2 |
| 1000x500x5 | | 0,1 | 0,1 | 0,2 | 0,2 |
| 1000x500x3 | | | 0,1 | 0,1 | 0,1 |
| 1000x1000x5 | | | 0,1 | 0,1 | 0,2 |
| 1000x1000x3 | | | | 0,1 | 0,1 |
| 3000x1000x5 | | | 0,1 | 0,1 | 0,1 |
| 3000x1000x3 | | | | 0,1 | 0,1 |

**FORMÚLA TIL AÐ REIKNA ÚT NOTKUNINA:**

$$\frac{(A + B)}{(A \times B)} \times C \times D \times 1.6 = \frac{kg}{m^2}$$

**A** = lengd á flís (í mm)
**B** = breidd á flís (í mm)
**C** = þykkt á flís (í mm)
**D** = breidd á samskeytum (í mm)

*Til að reikna út notkunarhlutfall fyrir flísar í mismunandi stærðum og samskeyti með mismunandi breiddum í samanburði við þær sem notaðar eru í töflunni til viðmiðunar vinsamlegast sjá „Vörureiknivél“ sem er í boði á vefsíðu okkar á www.mapei.no*



| | Ultracolor Plus |
|---|---|
| 100 WHITE | ● |
| 103 MOON WHITE | ● |
| 111 SILVER GREY | ● |
| 123 ANCIENT WHITE | ● |
| 112 MEDIUM GREY | ● |
| 113 CEMENT GREY | ● |
| 114 ANTHRACITE | ● |
| 127 ARCTIC GREY | ● |
| 110 MANHATTAN 2000 | ● |
| 187 LINEN | ● |
| 176 GREEN-GREY | ● |
| 174 TORNADO | ● |
| 125 CASTLE GREY | ● |
| 119 LONDON GREY | ● |
| 163 LIGHT LILAC | ● |
| 168 CERULEAN | ● |
| 167 AVIO | ● |
| 169 STEEL BLUE | ● |
| 172 SPACE BLUE | ● |
| 177 SAGE | ● |
| 130 JASMINE | ● |
| 131 VANILLA | ● |
| 137 CARIBBEAN | ● |
| 132 BEIGE 2000 | ● |
| 138 ALMOND | ● |
| 141 CARAMEL | ● |
| 142 BROWN | ● |
| 189 SPELT | ● |
| 133 SAND | ● |
| 134 SILK | ● |
| 188 BISCUIT | ● |
| 135 GOLDEN DUST | ● |
| 152 BROWN | ● |
| 144 CHOCOLATE | ● |
| 149 VOLCANO SAND | ● |
| 145 TERRA DI SIENA | ● |
| 143 TERRACOTTA | ● |
| 136 MUD | ● |
| 120 BLACK | ● |
| 150 YELLOW | ● |

***ATH: Vegna frávika í prentun ætti aðeins að horfa á liti sem tilvísun á litbrigði raunverulegrar vöru.***

**Ultracolor Plus**




Þetta tákn er notað til að skilgreina MAPEI efni sem innihalda lítið magn rokgjarnra efna (VOC) einsog vottað er af GEV (Gemeinschaft Emissionskontrollierte Verlegewerkstoffe, Klebstoffe und Bauprodukte e.V.) sem eru alþjóðleg samtök til eftirlits með takmörkunum á rokgjörnum efnum notuðum í gólflagnir.

GEV-EMICODE EC 1 PLUS very low emission

**Hægt er að biðja um allar viðeigandi upplýsingar um vöruna og nálgast þær á www.mapei.no**

Öll afritun texta, ljósmynda og skýringarmynda sem birtar eru hér er bönnuð og varðar lögsókn

2801-2-2022 (IS)

MAPEI®
BUILDING THE FUTURE